

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 130/1455
komudagur 22.3.2004

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

18. mars 2004

Tilvísun: 2004030012

Efni: Umsögn um frumvarp til innheimtulaga, 223. mál.


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 1. mars 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til innheimtulaga, 223. mál. Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Yfirferð Fjármálaeftirlitsins yfir frumvarpið hefur einkum lotið að eftirlitsþætti þess. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að frumvarpið kveður á um nýjar eftirlitsskyldur því til handa, á sviði sem það hefur hingað til ekki haft eftirlit með. Þegar svo háttar til telur Fjármálaeftirlitið mikilvægt að hugað sé að skipan þess eftirlits, m.a. með tilliti til laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, og greiðslu kostnaðar af því eftirliti. Fjármálaeftirlitið bendir á í þessu sambandi að eftirlit samkvæmt frumvarpinu myndi fela í sér hreina viðbót í uppbyggingu þekkingar á málefnum og umfangi eftirlits. Áður en mat á framangreindu hefur átt sér stað treystir Fjármálaeftirlitið sér ekki til þess að taka afstöðu til frumvarpsins að þessu leyti.

Um einstök efnisatriði vill Fjármálaeftirlitið nefna að það telur þá skipan óheppilega að eftirlit og veiting starfsleyfis sé ekki í höndum sama aðila, en þeirri skipan hefur m.a. verið komið á í lögum um fjármálafyrirtæki. Óheppilegt er einnig að eftirlit með sömu starfsemi sé í höndum fleiri en eins aðila, en Lögmannafélagi Íslands er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laganna að því er lögmennt varðar. Verði Fjármálaeftirlitinu falið eftirlit með innheimtustarfsemi er ennfremur mikilvægt að laga eftirlitsákvæði frumvarpsins að annarri löggjöf sem kveður á um eftirlit á fjármálamarkaði. Þannig er í 3. mgr. 15. gr. kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti lokið máli með "sátt" og að ef sátt komist á þá gildi hún sem fyrirmæli. Fjármálaeftirlitið telur þessa orðnotkun óheppilega í ljósi þess að slík tegund afgreiðslu máls er ekki viðhöfð hjá stofnuninni. Í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um að tiltekin brot, m.a. brot gegn 3. mgr. 15. gr. frumvarpsins, geti varðað sektum og að með mál út af slíkum brotum skuli fara að hætti opinberra mála. Í 11. gr. laga nr. 87/1998 er kveðið á um féviti og dagsektir er Fjármálaeftirlitið hefur heimildir til að leggja á eftirlitsskyldan aðila. Heppilegt gæti því verið að í 17. gr. frumvarpsins verði einnig umfjöllun eða tilvísun til þess heimildarákvæðis Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Guðnar Pálsson



Rut Gunnarsdóttir